

Hinsegin Plútó – félagsstarf fyrir hinsegin ungmenni

18.janúar 2023 Reykjanesbær

Forsaga Hinsegin Plútó

Á bakvið Hinsegin Plútó starfa Guðrún María Þorgeirsdóttir, Ragnar Birkir Bjarkarson og Katrín Júlía Júlíusdóttir öll árin í sjálfböðastarfi.

Hinsegin Plútó var stofnað 30.maí 2018 eftir samtal milli Guðrunar Maríu og Ragnars Birki þar sem við ræddum saman um þörfina á suðurnesjum fyrir svona starfi. Dóttir Guðrunar Maríu kom út á þessum tíma og var næsta nálæga hinsegin félagsmiðstöð í miðbæ Reykjavíkur. Fyrir 13 ára barn er það frekar langt ferðalag til að sækja félagsmiðstöð fyrir sinn jafningjagrundvöll. Við áttum í kjölfarið samtal við Gunnhildi í 88 húsinu um hugmynd okkar sem hún tók fagnandi hendi og innan viku var fyrsti hittingur hjá Hinsegin Plútó. Á því kvöldi komu 7 ungmenni og var magnað að sjá að flest öll þekktu hvort annað, jafnvel úr sama skóla en vissu ekki af hvort öðru á þessum grundvelli. Frá þessum fyrsta hitting Hinsegin Plútó eru að verða liðin 5 ár. Við þjónustum öll suðurnesin og hafa ungmenni frá Vogum, Grindavík, Suðurnesjabæ og Reykjanesbæ sótt þessi kvöld. Lagaleg stofnun félagsins var svo 17.nóvember 2022 og kom þá kennitala félagsins sem er 571122-0490. Katrín Júlía steig svo inn í starfið með okkur í september 2020.

Á sama tíma og við erum ótrúlega þakklát 88 húsinu fyrir velvild sína að hýsa okkur í gegnum þessi ár þá er þetta húsnæði löngu sprungið, við höfum verið allstaðar í húsinu eftir hvað hentaði þeim vegna alls þess flotta starfs sem hefur verið hjá þeim í gangi hverju sinni. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að tilfinningin að við eigum okkar stað sé til staðar. Margar mjög óþægilegar aðstæður hafa einnig komið upp vegna annara hópa og skipulags sem skaraðist á við starf Hinsegin Plútó þar sem okkar ungmenni hafa orðið mjög berskjölduð og jafnvel mjög nálægt því að vera opinberuð sem hinsegin þrátt fyrir að vera ekki tilbúin enn fyrir það skref. Vegna allra þeirra aðstæðna sem hafa komið upp teljum við að starfið sé ekki að ná að blómstra líkt og við teljum að það geti. Vegna öryrsgis aðstæðna sem nefndar eru að ofan.

Hvers vegna Hinsegin Plútó

Tilgangur Hinsegin Plútó er að halda úti félagsmiðstöð fyrir hinsegin ungmenni á suðurnesjum og vinna að málefnum hinsegin samfélags. Félagið mun leitast við að vera með fræðslu og skemmtikvöld fyrir hinsegin ungmenni og aðstandendur þeirra eftir efnum og áhuga. Auk þess að vinna að réttindum alls hinsegin fólks á svæðinu, sem með félaginu kjósa að starfa. Hinsegin Plútó er félag sem ekki heldur úti atvinnustarfsemi. Hinsegin Plútó er félagsstarf fyrir ungmenni á aldrinum 12 – 18 ára. Við teljum það mjög mikilvægt að starf af þessu tagi sé í boði og í gangi þar sem þau eignist sinn jafningjagrundvöll og finni stað sem þau tilheyri frjáls í okkar samfélagi hér á suðurnesjum. Hinsegin ungmenni eiga í mikilli hættu fyrir útilokun og hunsun í gegnum þau viðkvæmu ár sem unglingsárin eru frá jafnöldrum, vinum og jafnvel fjölskyldu. Allt í kringum þau sama hvar þau stíga fæti niður er hinseginleiki ekki sjáanlegur. Þau líkt og öll önnur ungmenni þurfa fyrirmyndir og félagsskap sem þau tengja sig tilfinningalega við. Það hefur ekki farið framhjá neinum að bakslag hefur orðið í baráttu hinsegin samfélags/einstaklinga. Meðal atvika er gelt að hinsegin fólki þar sem er verið að afmanneskju eða dehumanising hinsegin einstaklinga, atvik í kringum Hinsegin daga þar sem fánar voru skornir niður, árásir að hinsegin einstaklingum og samfélagi sem ratar svo í fjölmiðla og orðræða í skólum, íþróttastarfi og á samfélagsmiðlum hefur farið mikið niður á við í mjög neikvæða átt. Þetta er bara lítið brot sem við nefnum en hefur mikil áhrif á óharðnaða einstaklinga og getur gefið þeim ótta við eigið ágæti eða jafnvel öryggi í sínu lífi að stíga út og fá frelsið til að vera þau sjálf. Styðjið hinsegin fólk á Íslandi í sinni baráttu fyrir lífi án ótta, ofbeldis og haturs. Núna er sífellt að færast í aukanna, um allan heim og einnig hér á



Íslandi, að öfl og raddir þeirra sem vilja skerða mannréttindi hinsegin fólks séu að heyrast, verða háværarri, og fá aftur og aftur heilu síðurnar og viðtölin í fréttamiðlum landsins. Sérstaklega þegar um ræðir árástir á trans og kynsegið fólk, þar sem tilvist þeirra er véfengd og mannréttindi virt að vettungi.

Því er það svo að þau ykkar sem eruð hinn þögli meirihluti, sem stendur hjá og hugsar: "Þetta kemur mér ekkert við", þá eruð þið samt með þögninni, aðgerðaleyfinu og afskiptaleyfinu, að taka afstöðu með gerendum, þar sem þið horfið á, á meðan það er verið að sparka í liggjandi fólk.

Hvers vegna þarf Hinsegin Plútó sér húsnæði

Við teljum að mikil þörf sé á að Hinsegin Plútó hafi sitt eigið húsnæði upp á öryggi, vellíðan og traust ungmennanna sem sækja kvöldin til starfsins. Að þau ungmenni sem ekki séu fyllilega búin að taka þá ákvörðun að koma út séu ekki opinberuð fyrr en þau sjálf treysti sér til. Starfið getur að okkar mati blómstrað mun betur ef þessir þættir eru til staðar.

Félagsleg staða nú og þá

Á suðurnesjunum er því miður ekki hægt að benda á neitt starf fyrir utan Hinsegin Plútó sem starfrækt er til stuðnings fyrir hinsegin ungmenni. Frá því að ég undirritaður Ragnar Birkir kom út sem ungur maður 18 ára að aldri þá þurfti ég að ferðast með rútu í leynd alla leið til miðbæjar Reykjavíkur á sunnudagskvöldi til að sækja ungmennakvöld hjá Samtökunum 78. Ég hafði þá engan tilfinningalegan stuðning fyrir utan einn vin sem vissi að mögulega væri ég að þora að koma út. Nú er árið 2023 og yrðum við afar þakklát fyrir hönd þessa markhóps að Reykjanesbær stæði meira á bakvið orðin „Í krafti fjölbreytileikans“.

Er samstarf á milli s78 og HP

Það er ekki samstarf á milli Samtakanna 78 og Hinsegin Plútó en við höfum átt samtöl og fengið vilyrði í gegnum síma að við gætum ávallt leitað til þeirra hjá Samtökunum 78.

Hvaða vettvang snertir HP í starfi?

Starf Hinsegin Plútó snertir vettvanga svo sem Velferðarsvið þar sem starfið styður við andlegri heilsu ungmenna. Er forvarnarstarf. [Forvarnir | Upplýsingavefur sveitarfélagsins Reykjanesbæjar \(reykjanesbaer.is\)](#)

Er lýðheilsustarf. [Lýðheilsa | Upplýsingavefur sveitarfélagsins Reykjanesbæjar \(reykjanesbaer.is\)](#)

Auglýsingar og fræðsla

Við í Hinsegin Plútó höfum gert okkar besta í að koma okkur á framfæri meðal annars með viðtölum, auglýsingum. Fræðslubæklingum og öðru kynningarefni.

Fyrir hönd Hinsegin Plútó

Guðrún María Þorgeirsdóttir

Katrín Júlía Júlíusdóttir

Ragnar Birkir Bjarkarson